



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 20. apríl 2020

Tilvísun: 2020030005

Ríkislögreglustjóri  
Skúlagata 21  
101REYKJAVÍK

**Efni: Minnisblað verkefnahóps um útfærslu á ferðatakmörkun vegna komu ferðamanna til landsins.**

Aðgerðir stjórvalda til þess að fyrirbyggja að Corona veiran sem veldur COVID-19 berist með ferðamönnum til landsins. Ströng skilyrði verða fyrir ferðalögum til landsins frá til og með 15. maí 2020.

- Öllum þeim sem koma til landsins, þ.m.t. ferðamönnum, sem dvalið hafa á svæðum sem sóttvarnarlæknir skilgreinir sem áhættusvæði, verður skyldt að fara í sóttkví í 14 daga í húsnæði sem uppfyllir skilyrði um húsnæði sem hentar fyrir sóttkví. Ferðamenn bera sjálfir gisti- og uppihaldskostnað meðan á sóttkví stendur enda hafi þeir komið sjálfvilkjugir hingað til lands þrátt fyrir kröfu stjórvalda um sóttkví.
- Sóttvarnarlæknir metur reglulega hvaða svæði teljist áhættusvæði en þau eru í dag öll lönd heimsins. Horft verði til skilgreininga alþjóðastofnana á áhættusvæðum, s.s. WHO og ECDC, eftir því sem við á. Miðað verði við að sóttkvíarskylda verði afnumin gagnvart ríkjum þegar smithætta þar er talin lítil.
- Ferðamenn fylla út Public Health Passenger Locator form (PLC) fyrir flugfarþega. Farþegaskip og ferjur fylla út PHPLF skeysi en önnur skip nota nota Maritime Declaration of Health og sérstakt COVID form sem LHG tekur við og sendir SVL form fyrir skipaumferð.

Flytjendur farþega eru gerðir ábyrgir fyrir því að farþegar fylli út formið fyrir komu til landsins.

Löggæsluyfirvöld á landmærastöðvum taka við forminu og yfirfara það ásamt því að upplýsa farþegann um kröfur um sóttkví.

Löggæsluyfirvöld á landamærastöðvum skrá upplýsingar á forminu í gagnagrunn smitrakningarteymisins almannavarna.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

- Landamæraeftirlit á innri landamærum verður tekið upp samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis á grundvelli áhættumats ríkislöggreglustjóra sem byggir á áhættumati sóttvarnarlæknis.
- Löggæslufirvöld greina farþegalista með tilliti til áhættu á því að smit berist til landsins.
- Smitrakningarteymi almannavarna með aðstoð aðgerðastjórna löggregluembættanna hefur eftirlit með því að ferðamenn sæti sóttkví samkvæmt reglum.
- Frávísun er beitt á landamærum ef rökstuddur grunur leikur á því að viðkomandi farþegi mun ekki sæta reglum um sóttkví.
- Frávísun eða brottvísun er beitt ef ferðamaður brýtur ítrekað reglur um sóttkví.
- Tryggja verður að kröfur um sóttkví við komu farþega til landsins verið komið trygglega á framfæri.

---

Verkefnahópur undir stjórn ríkislöggreglustjóra (RLS) var settur af stað að beiðni sóttvarnalæknis, þann 8. apríl sl. í þeim tilgangi að finna leiðir til að koma í veg fyrir að COVID-19 berist með ferðamönum til landsins. Auk fulltrúa frá RLS þá eiga sæti í vinnuhópnum fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu, dómsmálaráðuneytinu, utanríksráðuneytinu, Samgöngustofu, löggreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, löggreglunni á Suðurnesjum, Skattinum og Isavia.

Niðurstaða verkefnahópsins er sú að skynsamlegast sé að útvíkka 3. gr. reglna nr. 259/2020 um sóttkví og láta ákvæðið ná til allra sem koma til landsins á grundvelli tilmæla sóttvarnarlæknis um opinberar sóttvarnar. Nú þegar er skyld fyrir aðila búsetta eða starfandi hérlandis að fara í 14 daga sóttkví, en sú regla hefur til þessa ekki gilt um ferðamenn, eins og lagt er til hér.

Til þess að unnt sé að framkvæma þessa takmörkun þarf að gera þá kröfu til flytjenda að farþegar sem kæmu til landsins útfylltu svokallað e. Public Health Passenger Locator form fyrir flugfarþega og farþegaskip og ferjur skili PHPLF skeyti en önnur skip noti Maritime Declaration of Health og sérstakt COVID form sem Landhelgisgæslan tekur við og sendir sóttvarnarlæknini fyrir skipaumferð. Löggæslufirvöld á landamærastöðvum taki við forminu og yfirfari það ásamt því að upplýsa farþega um kröfur um sóttkví samkvæmt reglugerð 259/2020 og skrá upplýsingar í gagnagrunn smitrakningarteymis almannavarna. Hlutverk smitrakningarteymisins er að hafa eftirlit með því að farþegar sem komi til landsins hlíti reglum um sóttkví með stuðning frá aðgerðastjórn viðkomandi löggregluembættis.

Samhliða innleiðingu á því að sóttkví nái til allra þeirra sem koma til landsins yrði tekið upp landamæraeftirlit á innri landamærum Schengen. Ákvörðun um tímabundna upptöku eftirlits á innri landamærum er tekin á grundvelli áhættumats frá ríkislöggreglustjóra en mat embættisins yrði að mestu leyti byggt á áhættumati sóttvarnarlæknis um hættu á útbreiðslu veirunnar hér á landi. Með því yrði tryggt að allir farþegar skili nefndum formum og einnig yrði gengið úr skugga um það að dvalarstaður samrýmist reglum um sóttkví sem og fyrirmælum um sóttkví og viðurlögum um brot á sóttkví yrði komið til skila á fullnægjandi hátt.

Tryggt skal að kröfum stjórnvalda um sóttkví farþega við komu til landsins verði komið á framfæri við flytjendur með skilvirkum hætti og að gerð verði sú krafa til flytjenda að upplýsingar um ráðstafanirnar verði aðgengilegar farþegum á bókunarsíðum flytjenda. Tryggja þarf að upplýsingar um aðgerðir og ráðstafanir stjórnvalda um sóttkví farþega við komu til landsins verði komið á framfæri með samræmdum hætti til viðeigandi

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


alþjóðastofnana, Evrópusambandsins, sameiginlegu EES nefndarinnar, sendiráða, stofnana innanlands og utan.

Mikil gerjun er í alþjóðlegu samstarfi þar sem fjallað er um takmarkanir á ferðalögum vegna COVID19 og því er lagt til að takmörkunin gildi til og með 15. maí til að byrja með en endurmat fari fram fyrir þann tíma og gildistími framlengdur eða takmarkanir endurskoðaðar eða felldar úr gildi ef tilefni þykir til.



Sigríður Björk Guðjónsdóttir

F.h. RLS



Jón Pétur Jónsson